

10. september 2024



Fjárlagafrumvarp 2025

Þetta er allt að koma

Stjórnarráð Íslands

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Lítið atvinnuleysi

Öflug verðmætasköpun

Aðhald í útgjöldum

Auknar tekjur

Við sköpum skilyrði fyrir lægri verðbólgu og vöxtum án þess að atvinnuleysi fari úr böndunum.
Við forgangsröðum fjármunum í þágu velferðarkerfisins og brýnna samfélagslegra verkefna.



1


Það er mikill kraftur í íslensku samfélagi



Efnahagsbatinn var undraskjótur og mikill kraftur í efnahagssumsvifum

Hagvöxtur var óviða meiri en hér á landi


Uppsafnaður hagvöxtur 2019-2023



Fjölbreyttur útflutningur skilar stöðugra og samkeppnishæfara efnahagslífi

Ferðapjónusta er enn langstærsta stoð útflutnings

Hlutfall af heildarútflutningi



Stoðum útflutnings fjölga og fjölbreyttari störf verða til.


Þessar greinar eiga sérstaklega mikið undir efnahagslegum stöðugleika.



Sterk staða hagkerfisins og ábyrg ríkisfjármál birtast í afgangi á frumjöfnuði

Frumjöfnuður hins opinbera er einn sá sterkasti meðal þróaðra ríkja

Frumjöfnuður hins opinbera árið 2025, % af VLF




Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, fjármála- og efnahagsráðuneytið



Ráðdeild í ríkisrekstri hefur tryggt lægra skuldahlutfall en fyrri áætlanir sýndu

Skuldir ríkissjóðs náðu aldrei því stigi sem spáð var undir lok kórónuveirufaraldursins

Skuldir skv. skuldareglu, % af VLF




* Samanburður við fjármálaáætlun fyrir árin 2022-2026



Kaupmáttarþróun hefur sérstöðu meðal samanburðarríkja

Kaupmáttur hefur vaxið hraðar á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum
1. ársfjórðungur 2020 = 100




Kaupmáttur launa í viðskiptahagkerfinu miðað við samræmda vísitölu neysluverðs.
Árstíðaleiðrétt.
Heimild: Eurostat.



Atvinnuástand er með allra besta móti


Atvinnuleysi enn lágt og stöðugt

Skráð atvinnuleysi, árstíðarleiðrétt



Atvinnuþátttaka er í hæstu hæðum

Árstíðaleiðrétt



**Grunnurinn er góður. Ólíkt mörgum
þjóðum sem berjast við að auka vöxt
þá erum við að fást við þenslu.**




2 Helsta áskorun okkar er að ná niður verðbólgu og vöxtum



Mikilvægur árangur í baráttunni við verðbólgu sem þó er enn of mikil


Verðbólga hjaðnar þrátt fyrir töluverða hækkun húsnæðisverðs

Hækkun milli ára
12%



Verðbólga á Íslandi er að jafnaði svipuð og í samanburðarríkjum

Meðalverðbólga frá 2015 á mælikvarða samræmdrar vísitölu neysliverðs




Heimild: Hagstofa Íslands



Vaxtabyrði heimila hefur aukist en er ekki þung í sögulegu samhengi

Vaxtagjöld eru áþekkt hlutfall af ráðstöfunartekjum og árið 2017

Vaxtagjöld, % af ráðstöfunartekjum*




*Skilyrt á fólk sem hefur einhver vaxtagjöld
Heimild: Álagningarskrá, fjármála- og efnahagsráðuneytið



Vaxtabyrði heimila, einkum ungs fólks, er orðin íþyngjandi

Vaxtabyrði, einkum ungs fólks, hefur hækkað mikið

Hlutfall fólks sem greiðir yfir 20% af ráðstöfunartekjum í vexti




Heimild: Álagningarskrá, fjármála- og efnahagsráðuneytið



Við erum á réttri leið — hagkerfið er að kólna

Verulega hefur dregið úr vexti í veltu fyrirtækja




Heimild: Hagstofa Íslands. Án lyfjaframleiðslu, fjármálafyrirtækja, sjávarútvegs og áls.



Gangi áform eftir eru bjartari tímar fram undan fyrir íslensk heimili

Greiðslubyrði 30 m.kr. láns gæti lækkað um 50 þús.kr. á mánuði á næsta ári

Frávik frá greiðslubyrði á þriðja ársfjórðungi 2024, í þús.kr.



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið. Útreikningar miða við 30 m.kr. óverðtryggt lán til 25 ára á breytilegu vöxtum. Miðað er við meðalvexti stóru bankanna þriggja.

Gert er ráð fyrir að vextir lækki í takt við verðbólgu skv. spá Seðlabankans

Öll merki eru um að íslenskt samfélag sé að ná
árangri í baráttunni gegn verðbólgu. Við sjáum
fram á bjartari tíma með lægri vöxtum.



3 Við leggjum áherslu á að verja barnafjölskyldur og viðkvæma hópa



Stuðningur við kjarasamninga fyrir ungt fólk sem hátt vaxtastig bitnar einkum á



Hækkun barnabóta

5 ma.kr.



Gjaldfrjálsar skólamáltíðir

3,8 ma.kr.



**Hækkun hámarksgreiðslna
í fæðingarorlofi**

2,5 ma.kr.



Hækkun húsnæðisbóta

2,5 ma.kr.

**14 ma.kr.
á árinu 2025**



Sérstakur vaxtastuðningur

(Greitt á árinu 2024)

5,5 ma.kr.

Áfram stutt við barnafjölskyldur



- Greiðslur barnabóta verða **21 ma.kr.**
- Grunnfjárhæðir og skerðingarmörk **hækka.**
- **67 þúsund** foreldrar fá barnabætur.




**Greiðslur til fyrsta árs
barna berast allt að
13 mánuðum fyrir.**



**6,3% hækkun
persónuafsláttar
og þrepamarka.***


Barnabætur – Tvö börn 5 og 10 ára

Einstæðir foreldrar



■ Barnabætur fyrir ■ Viðbót 2024 ■ Áætluð viðbót 2025

Sambúðarfólk



■ Barnabætur fyrir ■ Viðbót 2024 ■ Áætluð viðbót 2025


Miðað er við mánaðarlegar tekjur árið 2024 og að tekjur hækki um 4% á ársgrundvelli



Bætt kjör og réttlátara örorkulífeyriskerfi

Betri **þjónusta**, hvatar til **atvinnuþátttöku** og einfaldara **greiðslukerfi**.
Aukinn stuðningur á meðan á **endurhæfingu** stendur.


Um 95% örorkulífeyrisþega fá hærri greiðslur í nýju örorkukerfi



Hagur eldri borgara

Um 3 ma.kr. varið í hækkun frítekjumarks ellilífeyris

Almennt frítekjumark ellilífeyris hækkar um 11.500 kr. á mánuði.



- Almennt frítekjumark ellilífeyris hækkar um **46%** eða sem nemur **138 þúsund krónum á ári.**
- Aðgerðir síðastliðinn áratug hafa skilað eldri borgurum umtalsverðum **kjarabótum.**
- **Viðvarandi áskorun** er þó að bæta hag þeirra eldri borgara sem hafa lægstar tekjur.



4 Við sýnum aðhald í útgjöldum og forgangsröðum verkefnum



Ný og aukin verkefni í fjárlagafrumvarpi 2025

- Heildarendurskoðun **örorkulífeyriskerfisins**.
- Aðgerðir stjórnvalda vegna **kjarasamninga** á almennum markaði.
- Aukin **stofnframlög** vegna almenna íbúðakerfisins
- Hækkun almenns **frítekjumarks ellilífeyris**.
- Aukin framlög til nýframkvæmda og viðhalds á **vegakerfinu**.
- Uppbygging **samgönguinnviða** og **almenningsamgangna** á höfuðborgarsvæðinu.
- **Stytting málsmeðferðartíma** í afgreiðslu umsókna um alþjóðlega vernd og **inngilding innflytjenda** í íslenskt samfélag.
- Bygging **nýs fangelsis** í stað Litla-Hrauns.
- Bygging **Þjóðarhallar** í innanhússípróttum.
- Bygging legudeildar við **Sjúkrahúsið á Akureyri**
- Stuðningur við **nýsköpun, rannsóknir og þróun**.
- Stuðningur við **kvikmyndagerð**.




Áhersla lögð á húsnæðisstuðning

Stofnframlög til uppbyggingar almenna íbúðakerfisins áfram há

Stofnframlög árið 2025 nema ríflega 7 mö.kr.

m.kr. á verðlagi 2024



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Annar húsnæðisstuðningur 2025:

- Hlutdeildarlán: 4 ma.kr. lánaheimild
- Húsnæðisbætur: 11,6 ma.kr. fjárveiting
- Vaxtabætur: 2, ma.kr. fjárveiting

Skattstyrkir á tekjuhlíð:

- Skattfrjáls ráðstöfun (Fyrsta eign): 2,6 ma.kr.
- Afsláttur á fjármagnstekjuskatt vegna leigutekna: 4 ma.kr.
- 50% afsláttur á stimpilgjaldi vegna fyrstu kaupa: 0,6 ma.kr.
- Endurgreiðslur VSK til byggjenda íbúðarhúsnæðis: 10,5 ma.kr.




Útgjöld til vegaf framkvæmda aukin

Stóraukin framlög til samgöngusáttmálans á höfuðborgarsvæðinu

Samgönguútgjöld aukast milli ára

ma.kr. á verðlagi 2024



2025:
4,2 ma.kr. aukning vegna
samgöngusáttmálans á
höfuðborgarsvæðinu


1,5 ma.kr. aukning til
vegaframkvæmda

Helstu breytingar í tekjuöflun



Bensín- og olíugjöld falla niður

Öll ökutæki munu greiða kílómetragjald í samræmi við notkun.



Krónutölugjöld hækka aðeins um 2,5%

Í stað hefðbundinnar hækkunar í takti við verðbólgu þá er hækkun krónutölugjalda bundin við verðból gumarkmið.



Tímabundin hækkun tekjuskatts lögaðila

Hækkun 2024 leiðir til hærri skatttekna árið 2025.

Hóflegur raunvöxtur útgjalda ríkissjóðs



Dregið úr ríkisumsvifum en velferðin varin

Útgjöld lækka sem
hlutfall af VLF en
viðkvæmir hópar varðir.



Forgangsröðun brýnna verkefna

Svigrúm skapað fyrir
brýn verkefni innan
útgjaldaramma.



Sértækar aðgerðir í stað almennra


Hægt á útgjaldavexti
með betri nýtingu
fjármuna.



Hóflegur útgjaldavöxtur styrkir stöðu ríkissjóðs og styður við hjöðnun verðbólgu

Minnsti vöxtur ríkisútgjalda frá 2013

Útgjaldavöxtur ríkissjóðs



29 ma.kr.
aðhaldsaðgerðir
tryggja hóflegan
útgjaldavöxt




Áfram aðhald í útgjöldum

Fimmta árið í röð minnka ríkisumsvif í hlutfalli við stærð hagkerfisins.

Frumgjöld ríkissjóðs eru orðin þau sömu og fyrir faraldur

% af landsframleiðslu




Forgangsmál
fjármögnuð að fullu
með hagræðingu og
öðrum aðgerðum.



Afkoma ríkissjóðs batnar milli ára og frumjöfnuður er jákvæður þriðja árið í röð

Afkoma ríkissjóðs batnar um 16 milljarða króna milli ára

Afkoma ríkissjóðs, % af VLF






Í hvað fara skattarnir?

Um 60% útgjalda ríkissjóðs er varið í heilbrigðis-, félags-, mennta- og menningarmál

Útgjöld ríkissjóðs á íbúa

Útgjöld ríkissjóðs á íbúa árið 2025



Dæmi um umbótaverkefni sem unnið er að

Fjögur ráðuneyti vinna að tillögum og útfærslu aðgerða í tengslum við ofbeldi ungmenna

Verið er að greina framtíðarhorfur í ferðaþjónustu í samstarfi við menningar- og viðskiptaráðuneyti og Íslandsstofu

Menningar- og viðskiptaráðuneyti vinnur að útfærslu á sérstöku menningargjaldi á erlendar streymisveitur sem frá árinu 2026 rennur í Kvikmyndasjóð

Innviðaráðuneyti vinnur að tillögum varðandi skattlagningu orkumannvirkja í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneyti og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti

**Eftir þenslutímabil sjáum við
til lands í baráttunni við verðbólgu.
Þetta er allt að koma.**